Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26.9.2019
Tilvísun: 201909-0007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð), 8. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð), 8. mál.

Alþýðusambandið tekur heilshugar undir markmið frumvarpsins um að sálfræðiþjónusta verði veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta með aukinni greiðsluþátttöku ríkisins enda mjög brýnt að tryggja aðgengi allra að sálfræðimeðferð og annarri geðheilbrigðisþjónustu óháð efnahag.

ASÍ telur að skilvirkasta og hagkvæmasta leiðin til þessa sé að auka aðgengi að þjónustunni innan heilsugæslunnar, á göngudeildum og innan skólakerfisins.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ

Einhverfusamtökin

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10 150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 30. september 2019.

Efni: Umsögn Einhverfusamtakanna við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, með síðari breytingum. 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 8 - 8. mál.

Einhverfusamtökin styðja frumvarpið. Margir á einhverfurófi eru einnig að glíma við ýmsar geðraskanir. Kostnaður við sálfræðiviðtöl er oft óyfirstíganlegur fyrir þann hóp þar sem margir eru eingöngu með örorkubætur sér til framfærslu. Þá er auðveldara að fara beint til geðlæknis og fá lyf sem er mjög kostnaðarsamt fyrir samfélagið þó svo að í sumum tilfellum gæti sáfræðimeðferð dugað eða hjálpað til. Kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga í sálfræðiþjónustu og annari klínískri viðtalsmeðferð væri því mjög til bóta.

Einhverfu fylgir oft kvíði eða þunglyndi sem hamlar félagslegri þátttöku fólks og þátttöku á vinnumarkaði. Við teljum að bætt aðgengi að sálfræðingum/einhverfuráðgjöfum eða öðrum þeim starfsstéttum sem geta stutt og leiðbeint fólki á einhverfurófi geti aukið virkni okkar hóps og bætt andlega líðan. Fjölgun sálfræðinga á heilsugæslustöðvum er af hinu góða en oft er þekking á einhverfu samt ekki til staðar. Því þarf fólk á einhverfurófi að hafa val til að leita til sálfræðinga eða annara sérfræðinga með þá þekkingu en ekki vera bundið við þjónustu heilsugæslunnar.

Fyrir hönd Einhverfusamtakanna,

Olgeir Jón Þórisson, formaður stjórnar
Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri

Einhverfusamtökin, The Icelandic Autistic Society, Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
Tel./sími: +354 562 1590, www.einhverfa.is einhverfa@einhverfa.is

Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2019
1909140/0.4.1/dgg

Efni: Umsögn Embættis landlæknis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferðaðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð)

Við fyrri drögum við þessu frumvarpi sendi embætti landlæknis inn umsögn, 22. mars s.l. þar sem fram kom afstaða embættisins um stuðning við frumvarp um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (sálfræðimeðferð). Eins og fram kom í þeirri umsögn er að mati embættisins tekið mikilvægt skref í þágu gagnreyndrar heilbrigðisþjónustu að gera sálfræðileg meðferð aðgengilega öllum almenningi. Sálfræðileg meðferð er sú meðferð sem klínískar leiðbeiningar kveða á um við meðferð algengustu geðraskana.

Embættið telur að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu séu ekki til bóta þar sem nú hefur verið bætt við opinni skilgreiningu á því sem er kallað „annarri klínískri viðtalsmeðferð“. Með þeirri breytingu er ekki tryggt að sú meðferð sem fjallað er um sé byggð á gagnreyndum aðferðum eða klínískum leiðbeiningum. Mikilvægt er að ríkið niðurgreiði eingöngu meðferð sem byggir á aðferðum sem rannsóknir sýna að beri árangur við meðferð og fovarnir ólíkra kvilla.

Virðingarfyllst,

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir,
sviðsstjóri

Rauðarárstígur 10 • IS 105 Reykjavík • Iceland • Sími/Tel. (+354) 5101900 • móttaka@landlaeknir.is • www.landlaeknir.is

Alþingi Nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 4. október, 2019.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, með síðari breytingum. 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 8 - 8. mál.

Undirrituð fagnar frumvari um breytingu á lögum um sjúkratryggingar sem gera fólki kleyft að sækja þjónustu sem það hefur þörf fyrir til að fyrirbyggja að vandi þeirra aukist sem getur skapað því meiri vanda og verið dýrara fyrir samfélagið.

Þar sem umdeilt virðist vera hvort einungis eigi að niðurgreiða þjónustu sem sálfræðingar veita, vill undirrituð benda á að samkvæmt kennslubók sem notuð er í félagsráðgjöf og er inngangsbók að sálfræði stundar einungis um helmingur sálfræðinga viðtalsmeðferð (Ciccarelli og White, 2014). Aðrir sálfræðingar vinna við kennslu, rannsóknir og ýmis önnur störf. Undirrituð telur þó ekki að hugmyndin sé að greiða fyrir aðra sálfræðiþjónustu en viðtalsmeðferð og gæti því mögulega verið til bóta að notast við hugtakið „viðtalsmeðferð“ frekar en „sálfræðiþjónustu“ og tilgreina hvaða stéttir geti veitt hana. Lagt er til að eftirfarandi stéttir verði viðurkenndar til að veita viðtalsmeðferð; sálfræðingar, félagsráðgjafar, prestar, geðlæknar og geðhjúkrunarfræðingar. Allar þessar stéttir hafa viðeigandi grunn til að sinna ráðgjöf og viðtalsmeðferð sem aðrar stéttir virðast ekki hafa.

Varðandi mikilvægi þess að nota gagnreyndar aðferðir, þá má benda á að rannsóknir hafa sýnt að árangur viðtalsmeðferðar byggir mun meira á því hvernig tengslamyndun tekst til milli þerapistans og skjólstæðingsins heldur en á þeirri hugmyndafræði sem meðferðin byggir á. Þannig skiptir geta þerapistans til að skapa öryggi og traust miklu máli sem og viðtalstæknin (Kadushin, 2013). Þá er ekki verið að halda því fram að hugmyndafræðin skipti ekki máli heldur hefur sýnt sig að hún skiptir mun minna máli samkvæmt fyrirliggjandi rannsóknum.

Virðingarfyllst fyrir hönd félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og

Rannsóknarstofnunar um barna og fjölskylduvernd

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (MSW, PhD)

Dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Heimildir:

Ciccarelli, S.K. og White, J.N. (2014). *Psychology an exploration* (2. útgáfa). Essex, England: Pearson. (Pearson new international edition).

Kadushin, A. og Kadushin, G. (2013). *The social work interview: A guide for human service professionals* (5. útgáfa). New York, NY: Columbia University Press.

Félagsráðgjafafélag Íslands

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 25. september 2019.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, með síðari breytingum. 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 8 - 8. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar ofangreindu frumvarpi og auknum áhuga á því að meta andlega heilsu fólks til jafns við líkamlega heilsu eins og efni frumvarpsins felur í sér.

Félagsráðgjafafélag Íslands sendi umsögn dags. 20. mars 2019 vegna sama frumvarps sem lagt var fram á 149. löggjafarþingi (513. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Gerði Félagsráðgjafafélag Íslands athugasemd við það að í fyrra frumvarpinu væri einungis gert ráð fyrir að ein fagstétt geti veitt samtalsmeðferð við sálfélagslegum vanda, það er fagstétt sálfræðinga. Vakti félagið athygli á því að margar fagstéttir þar á meðal félagsráðgjafar veiti samtalsmeðferð við andlegri vanlíðan á einkareknum meðferðarstofum. Nálgun ólíkra fagstétta á andlegum vanda væri ólík og því brýnt að halda því til haga að engin ein aðferð eða meðferð væri réttari en önnur. Væri markmið þjónustunnar það sama, það er að bæta líðan og lífsgæði þeirra sem óska eftir samtalsmeðferð og telja sig þurfa á henni að halda. Taldi félagið að það væri mikilvægt að vekja athygli á þessum þætti svo að þeir einstaklingar sem þurfi að leita sér aðstoðar vegna sálfélagslegs vanda hafi val um sem fjölbreyttust úrræði. Yrði fyrra frumvarpið samþykkt óbreytt myndi það þrengja valkosti fólks að úrræðum og takmarka aðgengi að viðeigandi þjónustu til að bæta andlega líðan þvert á markmið frumvarpsins. Aðgengi að þjónustu væri takmarkað ef greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga næði aðeins til einnar fagstéttar samkvæmt fyrra frumvarpinu.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Mikilvægt er að það fagfólk sem veitir samtalsmeðferð við andlegri vanlíðan og sálfélagslegum vanda hafi starfsleyfi frá Embætti Landlæknis til að veita viðeigandi meðferð og jafnframt leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu. Það er brýnt svo að Embætti Landlæknis hafi eftirlit með gæði og rekstri þjónustunnar samkvæmt reglugerð nr.786/2007 um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegum lágmarkskröfum.

Félagsráðgjafafélag Ísland lagði til, svo þjónustan mæti þörfum sem flestra sem á henni þurfa að halda, að orðalagi frumvarpsins væri breytt. Tillaga félagsins var sú að þar sem fjallað væri um sálfræðimeðferð í frumvarpinu yrði í stað þess getið um viðtalsmeðferð, svo engin fagstétt sem hefur löggild starfsréttindi og tilskilin rekstrarleyfi yrði undanskilin greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga.

Nú er frumvarpið endurflutt með þeirri breytingu að lagt er til að sjúkratryggingar taki, auk sálfræðimeðferðar, einnig til annarrar klínískrar viðtalsmeðferðar. Athygli vekur að í 21. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008, með síðari breytingum er í greininni fjallað um þjónustu sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa og talmeinafræðinga. Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að í nýrri grein 21. a. að sjúkratryggingar taki *til nauðsynlegrar sálfræðimeðferðar og annarrar klíniskrar viðtalsmeðferðar* án þess að skilgreina það frekar hvað átt er við. Slíkt orðalag er til þess fallið að valda óvissu og færi betur að nota *samtalsmeðferð* sem er það orðalag sem Embætti landlæknis notast við[1] og/eða telja upp þær heilbrigðisstéttir sem veita klíníska samtalsmeðferð og hafa til þess leyfi landlæknis, s.s. félagsráðgjafar og sálfræðingar.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands:

Anna Guðrún Halldórsdóttir
Arndís Tómasdóttir
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir
Hafdís Gerður Gísladóttir
Sigurlaug Hrefna Soffíu- og Traustadóttir
Steinunn Bergmann

[1] https://www.landlaeknir.is/um-embaettid/greinar/grein/item16398/Medferd

Félagsráðgjafinn
Lyngás 15, 210 Garðabæ
Veffang: www.felagsradgjafinn.is
Netfang: sveindis@felagsradgjafinn.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 - Reykjavík

Reykjavík 3. október 2019

Efni: Athugasemdir við frumvarp um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, með síðari breytingum. 150. Löggjafaþing 2019-2020. Þingskjal 8 — 8. mál.

Undirrituð fagnar þeim áherslu breytingum sem sjá má á orðalagi frumvarpsins og telur þær skref í rétt átt og í sjálfu sér væri hægt að samþykkja orðalagið því andi frumvarpsins er skýr um að fleiri fagstéttir geti fallið undir frumvarpið en ein fagstétt. Eðlilegra væri þó að hafa enn skýrar hvað átt er við því orðalagið „klínísk viðtalsmeðferð“ felur ekki í sér hverjir geti veitt slíka meðferð. Með orðalaginu „klínísk viðtalsmeðferð löggiltra heilbrigðisstarfsmanna“ er mun skýrara hvað við er átt og jafnræðis gætt varðandi fagstéttir heilbrigðisstarfsmanna og tryggt að þjónustan sé veitt af fagaðilum með löggilt starfsréttindi. Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

1. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur ný grein, 21. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Klínísk viðtalsmeðferð löggiltra heilbrigðisstarfsmanna

Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegrar klínískrar viðtalsmeðferðar löggiltra heilbrigðisstarfsmanna sem samið hefur verið um skv. IV. kafla. Sjúkratryggingastofnunin getur áskilið vottorð sérfræðings, heimilislæknis eða sérfræðilæknis um nauðsyn meðferðar.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við klíníska viðtalsmeðferð löggiltra heilbrigðisstarfsmanna.

Ítrekað er að samhliða lagabreytingunni verði kveðið á í reglugerð um opinberar kröfur til heilbrigðisstarfsmanna um löggilt starfsréttindi, tilskilin rekstarleyfi fyrir meðferðarstofu sé þjónustan ekki sótt innan opinberra þjónustukerfa, siðareglur, sí- og endurmenntun auk handleiðslu. Í alþjóðasamfélaginu sem flest fagfélög þeirra sem stunda ráðgjöf og meðferð á Íslandi eiga aðild að var samþykkur siðarammi árið 2018 sem aðildarfélög skuldbinda sig til að fara eftir. Í siðarammanum er ýtarlegur kafli um handleiðslu en markmið handleiðslu er í stuttu máli að efla fagmennsku, vernda fagmanninn og tryggja gæði þjónustu.

Jafnframt er ítrekað úr fyrri umsögn að skýra stefnu skortir um hvernig heilsugæslan tekur á móti, greinir og meðhöndlar umkvartanir af andlegum og félagslegum toga. Lengi hefur staðið til að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað innan heilbrigðiskerfisins og hafa bæði innlendir og erlendir sérfræðingar mælt með að stofnuð verði þverfagleg teymi þar sem félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar, læknar og sálfræðingar vinni saman á heildrænan hátt að bættri andlegri, líkamlegri og félagslegri líðan. Heillavænlegast og hagkvæmast væri að auka aðgengi að viðtalsmeðferð innan heilsugæslunnar og það er skipulagsmál á ábyrgð ríkisins.

Hver fagstétt ber ábyrgð á að bregðast við breytingum í samfélagi og starfsumhverfi sem ógna fagmennsku og standa vörð um faglegar kröfur og eru þessi orð rituð þar sem þjónusta félagsráðgjafa innan heilsugæslu hefur nær algjörlega verið lögð niður þrátt fyrir að ráðherra hafi ítrekað lagt áherlsu á fjölbreytni og þverfaglegt samstarf heilsugæslunnar og að forstjóri heilsugæslunnar vilji mjög gjarnan ráða fleiri fagstéttir til að efla heilsugæsluna.

Eitt stöðugildi félagsráðgjafa hefur verið við Heilsugæsluna í Garðabæ en vegna veikinda hefur þjónustan legið niðri í hátt á annað ár, engin afleysing ráðin og óljóst hvað verður um stöðuna í nánustu framtíð. Í yfir 30 ár hefur félagsráðgjafi/fjölskyldufræðingur starfað á Heilsugæslunni á Akureyri og þverfaglega teymisvinnan sem unnin var þar eitt af flaggskipum íslenska heilbrigðiskerfisins og hlaut m.a. viðurkenningu WHO árið 1997. Árið 2017 hröklaðist nýr fjölskylduráðgjafi úr starfi og hefur síðan hvorki félagsráðgjafi né fjölskylduráðgjafi verið ráðinn á Heilsugæsluna á Akureyri. Á Heilsugæslu Grafarvogs var frá því um síðustu aldamót starfandi félagsráðgjafi/fjölskylduráðgjafi en sú staða hefur nú verið lögð niður. Innan heilsugæslustöðva er nú ekki starfandi einn einasti félagsráðgjafi svo undirrituð viti til. Einn fjölskylduráðgjafi er

starfandi á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og um 1,5 stöðugildi félagsráðgjafa eru við Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslunnar sem er miðlægt úrræði. Þegar þróun sálfélagslegra fagstétta (s.s. félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, sálfræðingar og þroskaþjálfar) innan heilsugæslunnar er skoðuð má sjá að verulega skortir á að heilsugæslan sé að sinna andlegu og félagslegu heilbrigði.

Af því sem fjallað hefur verið um hér má vera ljóst að núverandi orðalag frumvarpsins tekur ekki til þess fjölbreytileika sem mikilvægt er að almenningur hafi aðgegni að til að efla heilbrigði og velferð og endurspeglar í raun þá stöðu að fjölbreytileika gætir því miður ekki í aðgengi að heilbrigðisstarfsmönnum innan heilsugæslunnar þar sem lang eðlilegast væri að sem flestir fengju snemmtæka viðtalsmeðferð til varnar andlegu og félagslegu heilbrigði. Andi frumvarpsins er hins vegar nokkuð skýr um að það er vilji til að auka fjölbreytni og æskilegt væri að sá andi endurspeglaðist einnig í greinargerð frumvarpsins. Undirrituð leggur til breytingu á orðalagi og að notað verði „klínísk viðtalsmeðferð löggiltra heilbrigðisstarfsmanna“ í stað „Sálfræðimeðferð og önnur klínísk viðtalsmeðferð“.

Undirrituð er tilbúin að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Sveindís Anna Jóhannsdóttir, félags- og fjölskylduráðgjafi/handleiðari.

Reykjavík 26. september 2019

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll

Nefndarsvið Alþingis leitaði fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn Landssamtakanna Geðhjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar (sálfræðimeðferð), 8. mál. Geðhjálp sendi inn umsögn vegna sama erindis þann 7. mars sl. þegar frumvarpið var lagt fyrir á því þingi. Þessi umsögn stendur enn og vísum við til hennar en það voru okkur hins vegar vonbrigði að lagabreytingin náði ekki fram að ganga á síðasta þingi.

Geðhjálp ítrekar það sem kom fram í fyrri umsögn og áréttar eftirfarandi:

Opnara aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu eykur líkur á að einstaklingur fái viðeigandi meðferð og geti viðhaldið bata sínum. Af því leiðir að sú fjárfesting að fella sálfræðiþjónustu undir almannatryggingakerfið, bætir geðheilbrigði og heilsulæsi einstaklinga á Íslandi og verður þar með þjóðhagslega hagkvæm. Þar við bætist að álag á heilbrigðisstofnunum minnkar, gæði meðferðastarfa eykst og biðlistar styttast.

Geðhjálp hvetur Alþingi til að leggja fólki með geðrænan vanda lið með því að tryggja aðgengi einstaklinga að sálfræðiþjónustu og gera öllum einstaklingum kleift að nálgast hana, óháð efnahag og aðstæðum. Eins og segir í umræddu frumvarpi „Enginn á að neita sér um þjónustu vegna kostnaðar eða skorts á aðgengi“. Með því að samþykkja frumvarpið er stigið nauðsynlegt skref til gera sálfræðimeðferð að raunhæfum kosti fyrir alla sem á henni þurfa að halda.

Virðingarfyllst fyrir hönd Geðhjálpar,

Einar Þór Jónsson, formaður

GEÐHJÁLP

Hugarafl
VALDEFLING

Reykjavík, 27. september 2019

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, með síðari breytingum. 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 8 - 8. Mál.

Svar við umsagnabeiðni nr. 10841 frá velferðarnefnd

Við í Hugarafli fögnum frumvarpinu og lítum jákvæðum augum á það að sálfræðiþjónusta og önnur klínisk viðtalsmeðferð falli undir Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) líkt og þjónusta ýmissa annarra heilbrigðisstarfsmanna. Við höfum engar athugasemdir við frumvarpið sjálft, en langar að koma eftirfarandi punktum á framfæri varðandi greinargerðina sem slíka.

Það sem við fögnum sérstaklega við frumvarpið og greinargerð þess er:

- Að sálfræðiþjónusta og önnur klínisk viðtalsmeðferð falli undir Sjúkratryggingar Íslands.
- Að sérstaklega sé tekið fram að fleiri fagstéttir geti veitt góða viðtalsmeðferð en eingöngu sálfræðingar.
- „Mikilvægt er að tryggja að þeir sem hafa virk einkenni fái lausn á sínum vanda sem fyrst til að koma í veg fyrir vítahring lyfja, þunglyndis og óvirkni."
- Að markmiðið sé að minnka lyfjanotkun á landsvísu.
- Að markmiðið sé að gera kerfinu kleift að fylgja klínískum leiðbeiningum og hafa viðtalsmeðferð sem fyrsta inngrip, í stað lyfja.
    - „Viðtalsmeðferð í stað lyfjagjafar gerir það að verkum að ráðist er að rótum vandans og getur hún komið í veg fyrir eða dregið verulega úr lyfjagjöf"
- Að aðgengi að þjónustu sé jafnað og stéttagjáin vonandi minnkuð.
- Að tekið sé fram að þessar breytingar fjármagni sig sjálfar og vísað sé í sambærilegt dæmi um minnkað nýgengi í örorku vegna stoðkerfisvanda í kjölfar aukinnar þátttöku SÍ í kostnaði við sjúkraþjálfun.
- Að talað sé tæpitungulaust um þá sorglegu staðreynd að Íslendingum sé ávísað geð- og svefnlyfjum í gríðalegu magni ár hvert og enn fremur að margir taki þau árum saman.

Við höfum eftirfarandi athugasemdir við greinargerð frumvarpsins:

- Í greinargerðinni allri er notast við málfar sem skilgreinir vandann sem einstaklingsbundinn í stað þess að líta heildrænt á aðstæður og aðdraganda krísunnar sem gjarnan má rekja til áfallasögu, félagslegrar einangrunar, jaðarsetningar ólíkra hópa og fleiri umhverfisþátta.

- Greinargerðin er skrifuð út frá sjúkdómsmiðuðu sjónarhorni læknisfræðilega líkansins. Talað er um *sjúklinga, veikindi, einkenni* og *sjúkdóma* þegar við myndum frekar kjósa orðalag á borð við *notendur, andlegar áskoranir, tilfinningar* og *tímabundnar tilfinningalegar krísur.*
- Við höfum áhyggjur af því að kerfið telji að björninn sé unninn nái þetta frumvarp að verða að lögum. Þetta er ágætis skref en einstaklingsbundin samtalsmeðferð leysir ekki vandann ein og sér. Slík nálgun hentar ekki öllum og einskorðast gjarnan við einstaklingsbundna þætti hjá viðkomandi manneskju. Við væntum þess að enn verði fjármagni veitt í önnur úrræði, þjónustu og starfsemi sem styður einstaklinga til að ná bata af andlegum áskorunum með heildrænni nálgun. Til dæmis þarf enn að vinna að upprætingu fordóma í garð geðrænna áskorana í íslensku samfélagi, veita jafningjastuðning og hópastarf auk þess að stuðla að félagslegu jafnrétti og valdeflingu. Við teljum að þetta málefni varði jafnt heilbrigðisráðuneytið sem og félagsmálaráðuneytið.

Með vinsemd og virðingu, fyrir hönd Hugarafls og með samþykki stjórnar Hugarafls,

Árni Steingrímsson, Hugaraflsfélagi og stjórnarmeðlimur
Árný Björnsdóttir, Hugaraflsfélagi
Birna Björg Gunnarsdóttir, Hugaraflsfélagi
Guðjón Ingason, Hugaraflsfélagi
Guðný Rós Ström Hjaltadóttir, Hugaraflsfélagi
Harpa Sif Halldórsdóttir, Hugaraflsfélagi
Hjörtur Jarl Benediktsson, Hugaraflsfélagi og stjórnarmeðlimur
Hrefna Svanborgar Karlsdóttir, Hugaraflsfélagi
Svava Arnardóttir, Hugaraflsfélagi
Þórður Páll Jónínuson, Hugaraflsfélagi

Landssamtökin
Þroskahjálp
Mannréttindi fyrir alla!

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð), 8. mál.

Fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu þarf oft á sálfræðiþjónustu að halda ekki síður en annað fólk sem glímir við geðheilbrigðisvanda. Efnahagur fólks með þroskahömlun og/eða einhverfu er mjög oft afar bágborinn því að mjög margir sem eru með fatlanir af því tagi þurfa að láta örorkubætur duga fyrir allri sinni framfærslu. Eins og velferðarnefnd er kunnugt eru þær bætur mjög lágar og raunar af óútskýrðum og órökstuddum ástæðum umtalsvert lægri (um 30.000 kr.) en atvinnuleysisbætur, sem enginn er þó of sæll af. Kostnaður við sálfræðimeðferð leiðir því til þess að fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu hefur alls ekki ráð á slíkri meðferð.

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

Eftir 18 ára aldur hafa einstaklingar ekki sama rétt til niðurgreiðslna og þeir nutu áður og meðan á námi stendur hefur fólk ekki sama aðgang að styrkjum, t.d. styrkjum stéttarfélaga, til að sækja sálfræðiþjónustu og jafnaldrar þeirra á vinnumarkaði.

Nauðsynlegt er í þessu sambandi að líta sérstaklega til þess að þeir sem þurfa að reiða sig á örorkubætur til framfærslu allt lífið vinna sér ekki inn rétt eins og þeir sem virkir eru á vinnumarkaði til niðurgreiðslu á sálfræðimeðferð með aðild að stéttarfélögum.

Með vísan til þess sem að framan er rakið hvetja Landssamtökin Þroskahjálp velferðarnefnd og Alþingi eindregið til að samþykkkja frumvarpið. Samtökin óska einnig eindregið eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að skýra sjónarmið sín, áherslur og rök í því máli sem hér er til umfjöllunar.

Samtökin fengu frumvarpið ekki sent til umsagnar og beina því þeim tilmælum til velferðarnefndar að tryggt verði að þau fái framvegis frumvörp send til umsagnar sem varða eins mikilsverða hagsmuni fatlaðs fólks og það frumvarp sem hér er til umfjöllunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.

Sálfræðingafélag Íslands
(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)

Reykjavík 30. september 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga: um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð). 150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 8 – 8. Mál.

Sálfræðingafélag Íslands fagnar því að sálfræðiþjónusta falli undir lög um sjúkratryggingar.

Breytingar hafa verið gerðar frá fyrri tillögu sem lagt var fram á 149. löggjafarþingi (513). Í fyrri tillögu stóð í fyrirsögn „Sálfræðimeðferð" sem nú hefur verið breytt í: „Sálfræðimeðferð og önnur klínísk viðtalsmeðferð".

Vill Sálfræðingafélag Íslands (hér eftir S.Í.)benda á mikilvægi þess að skilgreina betur þá aðila, sem veita eiga þá geðheilbrigðisþjónustu sem frumvarpinu er ætlað að bæta aðgengi landsmanna að. Þar sem um er að ræða heilbrigðisþjónustu á afmörkuðu sviði telur S.Í. mikilvægt að taka það fram að hana skuli veita fagfólk með löggildingu Landlæknis sem heilbrigðisstarfsmenn á viðeigandi sviði. S.Í. bendir því á að **þörf sé á að skilgreina frekar þá heilbrigðisstétt sem veita eiga þessa þjónustu** frekar en tegund aðferðar sem beitt er, sbr. ,,önnur klínísk viðtalsmeðferð" til að tryggja að sá sem meðferðina veitir hafi grunnforsendur til að bjóða upp á geðheilbrigðisþjónustu. Í því landslagi sem við nú búum við er fjöldinn allur af fólki sem telur sig geta boðið upp á meðferð við alvarlegum geðheilbrigðisvanda s.s. þunglyndi, fíknisjúkdómum og áfallastreituröskun sem byggir meira á þeirra eigin reynslu, ónægri þjálfun, almennum samtalsaðferðum eða öðrum aðferðum sem ekki hafa verið árangursprófaðar á viðeigandi hátt.

Ef ákveðið verður að halda núverandi orðalagi frumvarpsins óbreyttu vill S.Í. benda á að „aðrar klínískar viðtalsmeðferðir" geta þýtt hvað sem er og því mikilvægt að skilgreina þær betur. Í því samhengi mætti koma með tillögu að nýju orðalagi, þ.e. „Sálfræðimeðferð og aðrar gagnreyndar meðferðir". Má benda á að í leiðbeiningum Landlæknis er talað um sálfræðimeðferðir og gagnreyndar meðferðir, ekki klínískar meðferðir. S.Í. telur að frumvarpið ætti að styðjast við orðalag landlæknis þegar það byggir á leiðbeiningum þaðan.

Í greinargerð með frumvarpi þessu eru tiltekinn dæmi um fyrirkomulag hjá öðrum Norðurlöndum. Í flestum ef ekki öllum tilfellum er verið að vísa til reglna um niðurgreiðslu til sálfræðinga. Vill S.Í. árétta mikilvægi þess að heilbrigðisfagfólk sem vinni meðferð við geðvanda búi yfir þeirri menntun, reynslu og þekkingu sem til þarf. Menntun sálfræðinga er byggð upp til að geta sinnt sálfræðimeðferð. Að baki liggur 5 ára háskólanám þar sem áhersla er lögð á sálmeinafræði,

geðraskanir og sálfræðimeðferðir. Sálfræðingar eru stétt sem getur á grundvelli menntunar sinnar kortlagt og metið vanda skjólstæðinga, valið og veitt viðeigandi gagnreyndar sálfræðimeðferðir, metið árangur meðferðar og endurmetið meðferðaráætlun. Gera ætti geðheilsu jafn hátt undir höfði og annarri heilsu, m.a. með því að tryggja að þeir sem veiti meðferð hafi viðamikla reynslu í sálmeinafræða sem er forsenda þess að þekkja, meta og meðhöndla geðvanda fólks.

Með bestu kveðjum
Stjórn Sálfræðingafélags Íslands

Agnes Björg Tryggvadóttir
Bóas Valdórsson
Gunnhildur Gunnarsdóttir
Helgi Héðinsson
Sigríður Karen Bárudóttir
Tryggvi Guðjón Ingason
Þóra Sigfríður Einarsdóttir

Sjúkratryggingar Íslands

Nefndarsvið Alþingis

Reykjavík, 30. september 2019

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð), þingskjal 8, 8. mál.

Þann 18. september 2019 fengu Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð), 8. mál.

Frumvarpið felur í sér tillögur þess efnis að sálfræðimeðferð og önnur klínísk viðtalsmeðferð falli undir greiðsluþátttökukerfi vegna læknisþjónustu, þjálfunar o.fl. Lagt er til að bætt sé við nýju ákvæði 21. gr. a. í lög nr. 112/2008 um sjúkratryggingar um aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð. Í núgildandi lögum um sjúkratryggingar er í 22. gr. fjallað um aðra sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar segir að *sjúkratryggingar tak[i] til annarrar sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu en kveðið er á um í 17.-21. gr. sem samið hefur verið um skv. IV. kafla í samræmi við stefnumörkun ráðherra [...]*. Í ákvæðinu er að finna heimild fyrir því að sálfræðiþjónusta falli undir greiðsluþátttöku SÍ, hafi verið um hana samið, og hafa SÍ gert samning um sálfræðiþjónustu barna á grundvelli ákvæðisins. Að mati SÍ er því ekki nauðsynlegt að sett sé sérákvæði í lög um sjúkratryggingar um sálfræðiþjónustu og aðra klíníska viðtalsmeðferð.

SÍ leggja áherslu á að verði frumvarpið að lögum er nauðsynlegt að stofnunni verði tryggt fjármagn til þess að fylgja þeim eftir, en búast má við töluverðri aukningu í úrræði sbr. rökstuðning í greinagerð með frumvarpinu. Þá bend SÍ jafnframt á að frumvarpið mun hafa kostnaðarlega afleiðingar þar sem breyta þarf tölvukerfum stofnunarinnar sem og mun annar umsýslukostnaður hljótast af verkefninu í ljósi aukins umfangs við afgreiðslu reikninga og eftirlit.

Lagt er til að í stað orðsins heimilislæknis komi heimilislæknis eða heilsugæslulæknis. Þá segir að Sjúkratryggingastofnun geti áskilið vottorð sérfræðings, [...] eða sérfræðilæknis um nauðsyn meðferðar. Að mati SÍ er óljóst um hvaða sérfræðinga er að ræða og er lagt til að þeir verði teknir út. Málsliðurinn myndi þá hljóða svo: *Sjúkratryggingastofnunin getur áskilið vottorð heimilislæknis, heilsugæslulæknis eða sérgreinalæknis um nauðsyn meðferðar.*

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

María Heimisdóttir, forstjóri

Sjúkratryggingar Íslands

Minnisblað

Til: Velferðarnefndar Alþingis
Frá: Sjúkratryggingum Íslands
Dags.: 6.desember 2019
Efni: Sálfræðimeðferð (8. Mál um sjúkratryggingar)

Í núgildandi samningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og sálfræðinga er samið um sálfræðiþjónustu á eigin starfstofum sálfræðinga fyrir börn með alvarlegar geð-hegðunar- og þroskaraskanir. Börn þurfa tilvísun til að komast í þjónustuna og er þjónustan með fullri greiðsluþátttöku SÍ. Samtals 12 sálfræðingar starfa skv. þessum samningi árið 2019 og sinna þeir að meðaltali um 18 einstaklingum yfir árið. Meðalfjöldi meðferða á hvern einstakling er um 5,5 meðferðir á ári og kostnaður SÍ við hverja meðferð er 15.370 kr. Algengt verð á stofum hjá sálfræðingum mun vera 17-18 þúsund kr. á hverja meðferð.
Erfitt er að áætla kostnað ríkisins varðandi sálfræðiþjónustu en það fer mikið eftir skilgreiningu þjónustu sem ríkið tekur þátt í að greiða, uppbyggingu samninga og greiðsluþátttöku mismunandi sjúklingahópa o.s.frv. Í gögnum frá Embætti Landlæknis kemur fram að um 800 sálfræðingar hafa virkt starfsleyfi á Íslandi og um 300 af þeim eru sjálfstætt starfandi.
Samfélagsleg þörf fyrir sálfræðiþjónustu virðist ekki hafa verið metin, hvorki hér á landi né í nágrannalöndunum samkvæmt upplýsingum frá Sálfræðingafélagi Íslands. Því er erfitt að áætla umfang þjónustunnar og meta kostnað vegna hennar. Í eftirfarandi töflu má sjá kostnað SÍ m.v. mismunandi forsendur um fjölda einstaklinga sem fengi þjónustuna árlega og meðalfjölda meðferða á ári.

Tafla 1. Kostnaður SÍ vegna sálfræðiþjónustu m.v. mismunandi fjölda einstaklinga og meðalfjölda meðferða á ári. Verð miðast við 17.500 kr. á meðferð sem er algengt verð á stofum hjá sálfræðingum.

Fjöldi einstaklinga	5 meðferðir	10 meðferðir	15 meðferðir	20 meðferðir
1.000	87.500.000	175.000.000	262.500.000	350.000.000
5.000	437.500.000	875.000.000	1.312.500.000	1.750.000.000
10.000	875.000.000	1.750.000.000	2.625.000.000	3.500.000.000
15.000	1.312.500.000	2.625.000.000	3.937.500.000	5.250.000.000

Sjúkratryggingar Íslands

Ályktun:

Ekki liggur fyrir mat á þörf fyrir sálfræðiþjónustu. Í þeim nágrannalöndum þar sem ríkið tekur þátt í kostnaði vegna sálfræðiþjónustu er sú þátttaka bundin við ákveðnar skilgreiningar en tekur ekki til allrar þeirrar þjónustu sem sálfræðingar veita. Ef gert ráð er fyrir að um 10.000 einstaklingar (um 3% þjóðarinnar) fengi slíka þjónustu hér á landi árlega og meðalfjöldi meðferða á einstakling væri um 5-10 má mjög gróflega áætla kostnað SÍ um 875- 1.750 milljónir á ársgrundvelli.

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2019

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, (sálfræðimeðferð)

ÖBÍ styður frumvarpið, enda hefur bandalagið lagt mikla áherslu á að sálfræðiþjónusta verði felld undir kerfi greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu.

Sálfræðimeðferð er lykilþáttur í meðhöndlun ýmissa sjúkdóma og áfalla og er mikilvæg forvörn gegn alvarlegri sjúkdómum. Það er brýnt að fólk með einkenni geðraskana eða sem glímir við aðra andlega eða sálræna erfiðleika hafi greiðan aðgang að sálfræðiþjónustu, en líka fólk sem glímir líkamlega erfiðleika sem þarf oft að vinna á einkennum kvíða og þunglyndis sem geta ágerst ef ekkert er að gert. Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu á fólki að bjóðast sálfræðiþjónusta frekar en lyfjagjöf, sem er dýrt úrræði sem ræðst ekki að rótum vandans.

Meðan sálfræðiþjónusta er utan greiðsluþátttökukerfis er hún ekki raunhæfur kostur fyrir þorra fólks og alls ekki fyrir þá hópa sem eru í mestum áhættuvanda, svo sem örorkulífeyrisþegar, ungt fólk og láglaunafólk.

Það liggur fyrir að fjölga sálfræðingum á heilsugæslustöðvum, svo að þangað sé hægt að sækja 1. stigs sálfræðiþjónustu og fjölga geðheilsuteymum. Það er jákvæð þróun en hún mun ekki duga til að ná utan um uppsafnaðan vanda og mæta þörfinni fyrir sálfræðiþjónustu í samfélaginu.

Fjárfesting í forvörnum og endurhæfingu skilar sér alltaf margfalt til baka í kassann, því það er fjárfesting í fólki og virkni.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,

Emil Thoroddsen
formaður málefnahóps ÖBÍ um heilbrigðismál